



GAGNASAFN ► FUNDIN GREIN

Alþingi 126/471  
Erindi nr. Þ  
Kömudagur 29.11.2000

ABRIR VEFIR MBL.IS  
Veldu hér

Þriðjudagur 7. nóvember 2000. (Aðsent efni)

Klukkan

britannica.com

BRITANNICA

Lipphafsstöð  
Orðabókar Háskólans

Ritmálskrá  
Orðabókar Háskólans

Orðstöðutýklar  
Orðabókar Háskólans

Blað dagsins

Liðin vika

Efnisleit


Vaki

Spurt og svarað

Hjálp!

## Úr takt við tímann

Tímareikningur alls staðar í heiminum, segir **Gunnlaugur Björnsson**, er miðaður við göngu sólar.



*Gunnlaugur Björnsson*

LAGT hefur verið fram á Alþingi "Frumvarp til laga um tímareikning á Íslandi." Það er einungis fjórar greinar og því fjórtlesið.

Afleiðingar þess, náí það fram að ganga, eru hins vegar víðtækar og varla til bóta.

Það er þó greinargerðin sem fylgir frumvarpinu sem hér verður tekin til umfjöllunar enda með fáheyðum ólíkindum.

Tímareikningur alls staðar í heiminum er miðaður við göngu sólar.

Left að minningar-  
greinum

Reynt er að haga honum þannig að hádegi sé sem næst þeim tíma þegar sól er hæst á lofti (í hásuðri), einnig í þeim löndum þar sem skipt er á milli vetrar- og sumartíma.

Á vorin er klukkunni þá flýtt um eina stund og kallast það sumartími. Á haustin er henni seinkað aftur og er þá sem næst göngu sólar. Er það víða nefnt vetrartími eða staðaltími.

Á Íslandi er tímareikningur skv. lögum nr. 6, 1968 og er sumartími (flýtt klukka) í gildi árið um kring. Ef taka ætti upp þann sið aftur að breyta klukkunni tvisvar á ári, ætti að gera það á sömu forsendum og aðrar þjóðir. Það þýðir að á haustin yrði tekinn upp vetrartími og klukkunni seinkað um eina stund frá því sem nú er og svo flýtt aftur að vori. Þetta er nákvæmlega það sem aðrar þjóðir gera og er það sem almennt er átt við með hugtakinu sumartími. Afleiðingin fyrir okkur yrði þá sú að tveggja stunda munur yrði á milli Íslands og Vestur-Evrópu allt árið að Bretlandi undanskildu þar sem tímamunurinn yrði ein klukkustund.

Í tímareikningsfrumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að hugtakið sumartími fái nýja merkingu. Lagt er til að klukkan verði færð til þannig að hádegi verði um kl. 14:30 og þar með víðs fjarri raunverulegu hádegi.

Slíka endurskilgreiningu og í raun misnotkun á hugtakinu sumartími er hvergi að finna annars staðar í Evrópu. Tímareikningur samkvæmt þessari breytingu hefur engin tengsl við þær aðferðir sem notaðar eru í öllum öðrum löndum. Helsti hvatinn að baki slíkri breytingu er að minnka tímamuninn til Evrópulanda.

Að sama skapi eykst hann um eina stund til Ameríku. Það gerir væntanlega viðskipti í þá áttina mun erfiðari en hingað til hefur verið ef rökin í greinargerðinni gilda einnig um þá sem eiga viðskipti til vesturs. Spyrja má hvort eðlilegt sé að mismuna þeim er stunda inn- og útflutningsviðskipti með þeim hætti sem augljóslega verður ef frumvarp þetta verður samþykkt? Önnur rök sem finna má í greinargerðinni eru litið betri. Til dæmis er nefnt að forráðamenn Íslenskra fyrirtækja kvarti undan stuttum samskiptatíma við fyrirtæki í Evrópu. Margir þeirra hafa raunar sjálfir fundið svar við þessu og hafa sín fyrirtæki opin frá 8-16 á sumrin og 9-17 á veturna en það gefur sama samskiptatíma til Evrópu allt árið. Víðast er þessari breytingu á vinnutíma vel tekið hjá starfsfólki enda mörgum kærkomið að geta hætt dagvinnu fyrr á sumrin. Ef breyting sú sem frumvarpið leggur til nær fram að ganga, þýddi það að opnunartími fyrirtækja hér á landi yrði 9-17 allt árið ef halda ætti óbreyttum samskiptatíma til Evrópu.

Þar með er frítími starfsfólks eftir vinnu á sumrin í raun styttr frá því sem nú er og gengur það þvert á það sem nefnt er í greinargerðinni um bættan vinnutíma fólks.

Í greinargerðinni er getið um nokkrar mótbáru sem bárust við fyrri framlagningu frumvarpsins en það hefur dagað uppi þrisvar sinnum til þessa.

Er sérstaklega rætt um umsögn sérfræðinga um hugsanleg áhrif slíkrar breytingar á heilsufar fólks. Höfundar frumvarpsins vísa þessari umsögn frá, aðallega með þeim rökum að samanburðarrannsóknir skorti svo unnt sé að meta líkleg áhrif slíkrar breytingar. Sjálfir fullyrða þeir hins vegar að möguleikar almennings til að nýta sér betur birtuna um vor og fram á haust séu til þess fallnir að skapa betra mótvægi gegn áhrifum skammdegisins sem ríkir hér á norðurslóðum.

Slík staðhæfing höfunda frumvarpsins er ekki rökstudd með neinum gögnum og engar samanburðarrannsóknir liggja fyrir sem styðja slíka

fullyrðingu.

Hún hlýtur því að dæmast að minnsta kosti jafnmarklaus og umsögn sérfræðinganna.

Fleira í sama dúr mætti tína út úr greinargerðinni en hér verður einungis minnst á eitt atriði til viðbótar. Í greinargerðinni segir "Ekki hafa borist neinar spurnir af því að geðheilsa íbúa vesturstrandar Írlands sé sérstaklega slæm eða að þar séu svefntruflanir meðal almennings meiri eða heilsufar almennt verra en gengur og gerist. Þvert á móti er mikill efnahagslegur uppgangur á vesturströnd Írlands og þar hefur tekist mun betur að skapa ný störf og laða að fólk en á Austurlandi, þrátt fyrir sumartímann." Hér gengur röksemdafærslan lengra en boðlegt er. Fyrst er því haldið fram að geðheilsa íbúa á vesturströnd Írlands hafi ekki borið skaða af hringli með klukkuna enda hafi ekki "borist neinar spurnir af því" og kann það að vera rétt. Hins vegar má líka skilja ofanritað svo að efnahagslegur uppgangur raskist ekki af því að klukkunni er breytt með reglulegu millibili. Ekki er orði á það minnst að uppgangurinn stafar af markvissum aðgerðum þarlendrar stjórnvalda við uppbyggingu hátækniönaðar og hefur nákvæmlega ekkert með tímareikning að gera. Að bera aðgerðir íra saman við aðgerðir til að laða fólk til Austurlands og spyrða það saman við hringl með klukkuna er málaflúðnaðinum ekki til framdráttar. Rökin fyrir breytingu á tímareikningi sýnast því að þessu leytnu mun léttvægari en umsögn sérfræðinga geðeiddar Landspítalans enda sem fyrr ekki byggð á neinum gögnum. Örökstuddar fullyrðingar eru látnar duga.

Uptaka á nýrri tegund af sumartíma, svo sem lagt er til í frumvarpinu, er hugsanlega nokkurt hagsmunamál fyrir sum fyrirtæki í landinu en alls ekki öll. Alls ekki er sýnt fram á að mannlífið yrði neitt betra enda erfitt að sjá hvernig lítt rökstuddar fullyrðingar greinargerðarinnar geti gengið eftir þar sem engar samanburðarrannsóknir í þessa veru hafa verið gerðar. Ekki er heldur líklegt að þær verði gerðar, a.m.k. eru stórbjóðir í Evrópu þegar farnar að viðra hugmyndir um að afnema hringl með klukkuna. Það sparar augljóslega mikla fyrirhöfn.

Ef "Frumvarp til laga um tímareikning á Íslandi" og greinargerðin sem því fylgir er dæmigerð fyrir vinnubrögð þingmanna sýnist mér að veruleg ástæða sé til að óttast framtíðina. Vonandi ber Alþingi gæfu til að afskrifa þetta mál í eitt skipti fyrir öll.

Höfundur er stjarnfræðingur.

© Morgunblaðið.

Til baka ▶

Prentvæn útgáfa


[Blað dagsins](#)

Miðvikudagur 15. nóvember 2000. (Aðsent efni )

[Liðin vika](#)
*Klukkan*
[Efnisleit](#)

## Í hvaða heimi birtu og samskipta búa þeir?


[Vaki](#)

Búa frumvarpsflytjendurnir, spyr **Ragnar Ingimarsson**, í einhverjum hugarheimi sem lítið á skylt við raunveruleikann?

[Spurt og svarað](#)
[Hjálp!](#)
[britannica.com](#)
[BRITANNICA](#)
[Lipphafsstaða](#)  
 Orðabókar Háskólans

[Ritnámskrá](#)  
 Orðabókar Háskólans

[Orðstöðulyklar](#)  
 Orðabókar Háskólans

 Leit að  
 minningar-  
 greinum


*Ragnar Ingimarsson*

NÚ Hafa nokkrir þingmenn lagt fram frumvarp til laga um að komið verði á tvöföldum sumartíma á Íslandi. Já, tvöföldum, vegna þess að svo vill til að sumarið 1968 var hér sumartími þegar ákveðið var að hreyfa klukkuna ekki frekar, þ.e. að færa hana ekki aftur til réttis staðartíma. Afleiðingin varð sú að hádegi á landinu varð millí kl. eitt og tvö á daginn. Flestir þeirra sem þekktu öll vandræðin og fyrirhöfnina sem fylgdi því rokki sem verið hafði með klukkuna fögnuðu þessari breytingu og létu minni morgunbirtu og flutning hádegisins gott heita.

## Greinargerð þingmannanna

Greinargerð hefur verið lögð fram með frumvarpinu. Eftir lestur hennar vaknar sú spurning hvort verið geti að svona greinargerðir séu í raun taldar gjaldengar á Alþingi Íslendinga. Hér á eftir ætla ég aðeins að taka á örfáum atriðum sem mjög stinga í augu í greinargerðinni og hafa í raun vakið upp þá spurningu hvort frumvarpsflytjendurnir búi í einhverjum hugarheimi sem elgi lítið skylt við raunveruleikann.

Vísað er til þess að í skýrslu frá 1996 segi að engin meiriháttar vandamál séu því samfara að viðhalda sumartíma í Evrópu þó nokkur óþægindi geti hlotist af tímabreytingu. Jákvæðu atriðin séu: nokkur orkusparnaður, betri birtuskilyrði fyrir útivist og að aukin birta síðla dags dags hafi jákvæð áhrif á ferðamannaþjónustu. Þá sé sagt að vegna aukinnar birtu sé slysatíðni lægri yfir sumartímann en vetrartímann. Ekki verður séð að síðasta atriðið sé mikið innlegg inn í umræðu um það hvort flýta eigi klukkunni yfir sumartímann, árstíðunum verður ekki breytt.

Í greinargerð þingmannanna segir ennfremur: „Upptaka sumartíma með þeim hætti sem hér er lýst leiðir til þess að á sumrin verður sólin hæst á lofti um klukkan hálfþrjú á daginn á vesturhluta landsins.

Þetta þýðir að dagurinn er tekinn fyrir og vinnutíma lýkur fyrir en á vetrum. Með þessu móti hefur almenningur meiri möguleika á að njóta sólar og góðviðrisdaga á sumrin. Þannig eru líkur til þess að hér gæti skapast sérstök sumarstemning eins og gerist í nágrennalöndum í Evrópu. Fólk hefði mun betri tækifæri til þess að njóta útiveru eftir að vinudegi lýkur og þannig yrðu lífnaðarhættir almennings heilbrigðari.“

## Sól og birta

Ef lítið er til sumardags, t.d. 15. júlí, kemur eftirfarandi í ljós varðandi tíma og birtu:

Klukkan látin vera óbreytt á staðartíma

Staður	sólrís	sólarlag	myrkur*
Reykjavík	3:41	23:24	ekkert
Akureyri	2:56	23:37	ekkert
London	4:01	20:12	20:56
Róm	4:48	19:44	20:16

\* myrkur telst skolið á þegar ekki er lengur verkljóst úti við.

Klukkunni flýtt um eina klukkustund.

Staður	sólrís	sólarlag	myrkur
Reykjavík	4:41	00:24	ekkert
Akureyri	3:56	00:37	ekkert
London	5:01	21:12	21:56
Róm	5:48	20:44	21:16

Með samanburði þessara tveggja tafna má sjá að þeir sem búa sunnar í álfunni hafa nokkurn ávinning af flýtingu klukkunnar að því er varðar birtu að kvöldi. Þrátt fyrir þetta er nú sums staðar (t.d. í

Frakklandi) rætt um það í alvöru að fella niður sumartímann vegna allra þeirra vandræða sem tímabreytingin hefur í för með sér. Að því er okkur varðar má sjá að ávinningurinn er óverulegur enda bjart allan sólarhringinn hér á Íslandi yfir stóran hluta sumarsins eða allt frá miðjum maí fram til byrjunar ágúst. Flýting klukkunnar flytur okkur ekki suður á veðursælli breiddargráður þar sem götulíf þrífst vel, slíkt eru hugarórar.

En hvað með vor og haust, er ekki mikinn ávinning að hafa ef klukkunni er flýtt?

Lftum á 7. október.

Klukkan látin vera óbreytt á staðartíma

Staður	birting	sólrís	sólarl.	myrkur
Reykjavík	7:07	7:55	18:35	19:22
Akureyri	6:52	7:42	18:17	19:07

Klukkunni flýtt um eina klukkustund

Staður	birting	sólrís	sólarl.	myrkur
Reykjavík	8:07	8:55	19:35	20:22
Akureyri	7:52	8:42	19:17	20:07

Eins og sjá má versnar birtustaðan verulega á haustdögum ef klukkunni er flýtt. Hið sama gerist líka snemma vors. Þegar lítið er á þessar tölur hlýtur sú hugsun að vakna hvort ekki væri til bóta að seinka klukkunni fremur en að flýta henni á þessum árstíma. Höfum í huga að á þessum tíma eru börn okkar að fara í skólann á milli klukkan 7 og 8 á morgnana, umferð er að öllu jöfnu þung og mikil bót að því að hafa nokkra birtu. Ég á erfitt með að sjá að birta að kvöldi hafi mikil áhrif á það hvort þingmennirnir eða aðrir slíji yfir kvöldkaffinu sínu úti á gangstétt í miðevrópustemmningu eða ekki - ætli hitastig ráði ekki meiru um það?

Ath.: allar tölulegar upplýsingar hér að framan eru fengnar hjá Almanaki Háskólans

## Bylting í samskiptum

Í umræddri greinargerð er nokkuð fjallað um þá erfiðleika sem skapast í samskiptum, m.a. í viðskiptum, við það að flestar Evrópuþjóðir flýti klukkunni um eina klukkustund þ.e. að skörun vinnutíma minnki e.t.v. niður í 5 til 6 klst. og erfiðara verði fyrir menn að ná saman. Vísað er til fimm ára gamalla umsagna ýmissa innlendra aðila.

Hafi einhverjum þótt þessi rök þingmannanna hafa umtalsvert vægi fyrir fimm árum tel ég líklegt að þeim hinum sömu þyki það ekki lengur. Á síðastliðnum fimm árum hefur orðið bylting í allri samskiptatækni. Nú eru menn nánast beintengdir milli landa í gegnum tölvunet, fax og síma þ.m. farsíma og samhliða því hafa viðskiptasamskipti gjörbreyst. Helst sýnist mér að ástæða væri til að kvarta yfir því hversu lítið vinnutími skarast milli Íslands og Norður-Ameríku, að ógleymdri Kúbu, en sú skörun minnkar enn meir við flýtingu klukkunnar.

## Auðveldara að vakna

Nú er það svo að sífellt verður algengara að í þjónustu- og viðskiptafyrirtækjum hefjist vinnudagur einni stund fyrr á sumrum en á vetrum. Þetta virðist flestum líka vel þar eð þeim finnst einfaldlega svo miklu auðveldara að vakna snemma á morgnana á sumrin en á veturna. Hjá mörgum vinnur þetta upp flýtingu klukkunnar í Evrópu. Það að einhverjir einstaklingar eigi erfitt með að vakna á morgnana má ekki leiða óþarfa vandræði og fyrirhöfn yfir aðra. Þessir morgunsvæfu aðilar gætu sem best fengið sér hana (eða jafnvel hrafna) til að vekja sig á morgnana.

Höfundur er verkfræðingur

© Morgunblaðið.

Til baka ▶

[Prentvæn útgáfa](#)



[Blað dagsins](#)

[Liðin vika](#)

[Efnisleit](#)

[Vaki](#)

[Spurt og svarað](#)

[Hjálp](#)

Þriðjudagur 7. nóvember 2000. (Aðsent efni)

*Klukkan*

## Frumvarp til laga um tímareikning

Hringi með klukkuna, segir **Marteinn Sverrisson**, mun hafa í för með sér margvísleg vandamál í tölvukerfum, tölvustýrðum tækjum og sjálfvirkum stýringum.

[britannica.com](#)


**BRITANNICA**

**Upphafsstöð**  
Orðabók Háskólans

**Ritmálsskrá**  
Orðabók Háskólans

**Orðstöðulyklar**  
Orðabók Háskólans

Leit að minningar-  
greinum



*Marteinn Sverrisson*

NÚ liggur fyrir frumvarp til laga um tímareikning á Alþingi, frumvarpið er mál númer 124, og er aðgengilegt á veraldarvefnum á slóðinni "<http://www.althingi.is/altxt/126/s/0124.html>".

Samkvæmt frumvarpinu á að fella úr gildi lög númer 6 frá 1968, sjá "<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1968006.html>", um tímareikning á Íslandi. Samkvæmt núgildandi lögum er sumartími í gildi allt árið um kring.



Gildandi lög hljóða svona:

## Lög um tímareikning á Íslandi 1968 nr. 6 5. apríl

1. gr. Hvarvetna á Íslandi skal telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich.

Samkvæmt frumvarpinu á að breyta tímareikningi á Íslandi þannig að tvisvar á ári skuli breyta klukkunni um eina klukkustund til eða frá, þannig að á veturna gildi miðtími Greenwich, eins og nú, en á sumrin verði klukkan færð fram um eina klukkustund.

Þetta hringl með klukkuna mun hafa í för með sér margvísleg vandamál í tölvukerfum, tölvustýrðum tækjum og sjálfvirkum stýringum, sem flutningsmenn hafa ekki nefnt í greinargerð með frumvarpinu.

Þetta snertir bæði almenning og fyrirtæki.

1) Breyta þarf öllum klukkustýrðum kerfum tvisvar á ári, ef þau fylgja staðartíma. Þetta getur átt við um umferðarljós, stöðumæla og ýmsan opunarbúnað, stimpilklukkur í fyrirtækjum og önnur kerfi, sem nota staðartíma til viðmiðunar.

2) Hraðbönkum verður að loka í einhverja klukkutíma tvisvar sinnum á ári, þegar klukkur þeirra eru uppfærðar. Mér er tjáð að í Danmörku þurfi að senda menn í hvern einasta hraðbanka til að handstilla tölvur þeirra.

3) Líklega þarf að loka Reiknistofu bankanna í a.m.k eina klukkustund meðan klukkunni er breytt og þar með stöðva allar rafrænar færslur.

4) Gagnagrunnskerfi og bókunarkerfi þarf að stilla tvisvar á ári og sennilega loka sumum meðan á breytingu stendur. Umfjöllun um vandamál sem geta komið upp m.a. er að finna á slóðinni "<http://support.ca.com/techbases/ingres/4020.html>".

5) Atburðaskráningakerfi og fundarboðkerfi í tölvum eins og t.d. Outlook, geta farið í rugl við það að breyta klukkustillingu tölvunnar.

6) Bókunarkerfi leigubíla þarf að stilla, svo að bílar séu sendir út á réttum tíma eftir klukkubreytingu.

7) Allir muna eftir umfjöllun um 2000 vandann, sem var leystur með ærnum tilkostnaði. Nú er verið að innleiða með lögum annan vanda, sem gílma þarf við tvisvar á ári. Því hafa flutningsmenn frumvarpsins ekki tilgreint þann kostnað sem breytt lög um tímareikning hafa í för með sér?

8) Vekjaraklukkan, tölvuúr, tölvuklukkan í bílum og heimilum, örbylgjuofna og önnur tölvustýrð eldhústæki, sjónvörp, myndbandstæki, símsvara, símboðtæki, myndavélar, ljósritunarvélar og önnur nútíma tæki, sem eru með innbyggða klukku, þarf að endurstilla tvisvar á ári. Sum þessara tækja er einfalt að stilla, við stillingu á öðrum þarf að fletta í leiðarvísingum, sem ekki er víst að finnist þegar á þarf að halda.

9) Þegar núgildandi lög um tímareikning voru sett árið 1968, var rauntíma tölvuvinnsla ekki hafin á Íslandi og enginn veit um þau vandamál sem koma upp þegar farið verður að hringla með klukkuna eins og lagt er til með frumvarpinu.

10) Að gildandi lög um tímareikning á Íslandi séu óbreytt "er því mikið hagsmunamál almennings í landinu".

Höfundur er verkfræðingur.

© Morgunblaðið.

Til baka |>

Prentvæn útgáfa



[Blað dagsins](#)

[Liðin vika](#)

[Efnisleit](#)

[Vaki](#)

[Spurt og svarað](#)

[Hjálp!](#)


Fimmtudagur 2. nóvember 2000. (Aðsent efni)

Tími

## Opið bréf til flutningsmanna frumvarps um tímareikninga á Íslandi

Ég óska þess að málið verði endurskoðað, segir **Július K. Björnsson**, þar sem um er að ræða tillögu sem gæti haft eyðileggjandi og truflandi áhrif á heilsu og vellíðan Íslendinga.

Leit að  
minningar-  
greinum



*Július K. Björnsson*

Ágætu þingmenn.

Eins og ykkur er kunnugt hefur undirritaður ásamt fleirum, áður mótmælt frumvarpinu um tímareikning sem þið hafið nýlega lagt fram í

[britannica.com](#)

[BRITANNICA](#)

[Upphafsstíða](#)  
Orðabókar Háskólans

[Ritmálskrá](#)  
Orðabókar Háskólans

[Orðstöðulyklar](#)  
Orðabókar Háskólans

fjórða sinn og er tilgangur þessa bréfs að endurtaka þau mótmæli og benda enn og aftur á helstu rökin gegn þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér.

Ekki er ástæða til þess hér að tífunda í smáatriðum enn einu sinni öll rökin gegn þessari breytingu, að öðru leyti en minnst stuttlega á það sem nýtt kemur fram í greinargerðinni með fyrirbyggjandi frumvarpi. Undirritaður ásamt samstarfsmönnum skrifaði ýtarlega greinargerð um málið þegar sambærilegt frumvarp var lagt fram árið 1998. Sú greinargerð er aðgengileg á netinu, ásamt öðrum gögnum um málið á veffanginu: <http://julkb.vortex.is/timamai.htm>

Það er þó rétt að nefna að í þetta fjórða sinn sem málið er lagt fram eru enn tínd til ný rök með því, sum sé þau að breytingin sé afar góð fyrir knattspyrnuna í landinu og fyrir beinar sjónvarpsútsendingar frá knattspyrnuleikjum. Þetta má vel vera, en líklega væri enn betra fyrir knattspyrnuna og samskipti hennar við Evrópu að hún færi öll fram á meginlandinu, þá væri enginn tímamunur.

Öll þau rök sem færð eru fyrir málinu eru auðhrekjanleg, nema ef vera skyldi sú þörf kaupsýslumanna að hafa sameiginlegan skrifstofutíma með Evrópulöndum. Raunar hefur sú þörf farið minnkandi með auknum tölvusamskiptum og mætti ætla að hún sé nú orðin óveruleg. Þessu til viðbótar myndi frumvarpið, ef samþykkt verður, torvelda samskipti við Norður-Ameríku, nokkuð sem ekki er minnst á í greinargerðinni. Alþingi verður því að gera upp við sig hvort rökin um sameiginlegan vinnutíma með Evrópu ein og sér, nægja til þess að koma á þessari breytingu, eða hvort óverulegir hagsmunir viðskiptalífsins eigi að stjórna og stýra svefni og vöku allrar þjóðarinnar og hafa ómæld slæm áhrif á líðan hennar og heilsu.

Það er rétt að leggja áherslu á það enn einu sinni að þegar er í gildi hér á landi sumartími allt árið. Í lögum nr. 6/1968, var sú breyting gerð á tímareikningi hérlendis, að festa sumartímann allt árið. Því ætti í raun að notast við hugtakið sumarsumartími í fyrirbyggjandi frumvarpi, þar sem það gengur enn lengra. Raunar er texti frumvarpsins og greinargerðarinnar allur villandi hvað þetta atriði varðar, þar sem sumartími er þegar í gildi hér.

Greinargerðin með frumvarpinu fjallar nokkuð um umsögn undirritaðs og fleiri frá því 1998 um frumvarp um sama efni. Í henni er fullyrt að ekki komi fram í umsögninni að geðheilsu manna stafi hættu af breytingunni. Augljóst er að höfundar greinargerðarinnar hafa ekki lesið umsögnina ýtarlega, þar sem þar er ekki einungis verið að fjalla um geðheilsu, heldur heilsu almennt. Erfitt er að skilja þær röksemdir höfunda frumvarpsins að birta síðar á deginum hafi betri áhrif en birta fyrr. Hvað með alla þá einstaklinga sem vakna snemma og þurfa eftir þessa breytingu að vera lengur í myrkri vor og haust, en áður? Hvað með lægra hitastig að morgni, hugsanlega meiri hálfu og þar með fleiri umferðarslys? Röksemdafærsla af þessu tagi er algerlega sambærileg þeirri sem flutningsmenn frumvarpsins leggja fram og mælir auðvitað gegn breytingunni.

Í greinargerðinni er jafnframt gerður samanburður við vesturströnd Írlands og hann tekinn sem sönnun þess að breyting af þessu tagi sé til bóta. Sá samanburður er þó mjög misvísandi, þar sem tekið er fram að Írar hafi þegar sumartíma, en ekki kemur fram að þeir hafa einungis sumartíma, en ekki sumarsumartíma eins og lagt er til að hér verði. Því er um algerlega ósambærilega hluti að ræða. Þar að auki er Ísland mun norðar á jörðinni en Írland og því staðan alls ekki sambærileg. Samanburður við Austurland og stöðu þess er enn fremur nokkuð undarlegur, þar sem sérstaklega er gefið í skyn í greinargerðinni að tímareikningurinn hafi einhverskonar tengsl við efnahagsástand landsvæðisins. Slíkt er auðvitað erfitt að sýna fram á.

Rétt er að nefna að í greinargerðinni kemur fram að umsögn undirritaðs og fleiri uppfylli ekki þær kröfur sem gera verði til vísindalegrar þekkingar. Ef sömu rökum yrði beitt á rök flutningsmanna með tillögunni, er ljóst að þau rök byggjast alls ekki á vísindalegri þekkingu, þau byggja raunar alls ekki á neinni þekkingu, heldur getgátum og ósannfærandi rökum. Umsögn undirritaðs byggist hinsvegar hvað varðar svefn og vöku á þeim vísindum sem við þekkjum um stjórn þessara fyrirbæra og er að okkar mati á allt öðru plani en t.d. niðurstaða greinargerðarinnar sem fullyrðir að breytingin yrði til þess að stórbæta mannlíf á Íslandi. Þessi fullyrðing virðist úr lausu lofti gripin, ekki studd neinum rökum, hvorki vísindalegum né öðrum. Þá eru jafnframt algerlega sniðgengnar þarfir þeirra einstaklinga í viskiptalffinu sem þurfa að hafa samskipti vestur um haf, þeirra vandi eykst, verði frumvarpið að lögum.

Í náttúruverndarmálum verður það sjónarmið æ algengara að náttúran skuli njóta vafans þegar um álitamál er að ræða. Hið sama hlýtur að gilda hér. Engin vísindaleg rök hafa verið lögð fram um að þessi breyting geti verið til góðs, en mörg um að hún geti verið slæm. Því skyldi heilsa þjóðarinnar og velferð ekki njóta vafans?

Að lokum er rétt að minnst á að Þorsteinn Sæmundsson stjórnufræðingur hefur ítrekað lagt fram ýmis rök gegn þessari breytingu, m.a. í ýtarlegri skýrslu sem skrifuð var að beiðni Alþingis, en sem greinargerð fyrirbyggjandi frumvarps minnst alls ekki á. Þorsteinn er sá Íslendingur sem er manna best að sér um tímareikninga og áhrif þeirra hér á landi og því er það afar sérkennilegt að álit hans sé algerlega sniðgengið í greinargerðinni með frumvarpinu.

Því vill undirritaður að lokum óska þess að málið verði enn endurskoðað, og helst dregið til baka þar sem um er að ræða tillögu sem hafa mun mögulega eyðileggjandi og truflandi áhrif á heilsu og vellíðan Íslendinga. Nægir í því sambandi að benda á að ef þriggja tíma munur verður á klukkunni og líkamsklukku manna, munu vandkvæði við að sofna að kvöldi og vakna að morgni næsta örugglega aukast. Þingið getur að sjálfsögðu ákveðið það sem því sýnist, en ég leyfi mér að efast um að það hafi mikil áhrif á náttúruna og sólarganginn og það hvaða áhrif hann hefur á svefn og vökumynstur fólks.

Höfundur er sálfræðingur.

© Morgunblaðið.

Til baka ▶

[Prentvæn útgáfa](#)



Föstudagur 17. nóvember 2000. (Aðsent efni)

britannica.com

BRITANNICA

Upphafsstöð  
Orðabókar HáskólansRitnámsskrá  
Orðabókar HáskólansOrðstöðubýklar  
Orðabókar Háskólans[Blað dagsins](#)

Tími

[Liðin vika](#)

## Sumartími á Íslandi?

[Efnisleit](#)

Óbreytt fyrirkomulag, fastur tími árið um kring (GMT), er að mati **Erlendar S. Þorsteinssonar**, besta málamiðlunin.

[Vaki](#)[Spurt og svarað](#)[Hjálp](#)

*Erlendar S. Þorsteinsson*

FYRIR Alþingi liggur nú frumvarp til laga um að taka upp sumartíma á Íslandi frá apríl til október. Við nánari skoðun á frumvarpinu kemur í ljós að fjöldamörg rök mæla gegn þessari hugmynd.

Fyrstu mótrökin eru þau augljósustu: Tímareikningur á Íslandi er nú miðaður við miðtíma Greenwich (GMT), þegar strangt til tekið miðað við legu landsins ætti mið- og austurhluti þess að vera á GMT-1 og vesturhluti þess á GMT-2. Þetta misræmi hefur það í för með sér að nú er hádegi (sól hæst á lofti) um kl. 13:30 í Reykjavík. Gangi ofangreint frumvarp í gægn mun Ísland færast yfir á GMT+1 yfir sumarið og hádegi í Reykjavík því verða um kl. 14:30. Morgnar að vori og hausti yrðu því

æði dimmir.

Ísland er nú á sumartíma allt árið og ef taka ætti upp breytilegan tíma sumar og vetur væri eðlilegast að breyta yfir í vetrartíma og færa þá klukkuna aftur um 1 klst. yfir veturinn frá því sem nú er en ekki fram um 1 klst. yfir sumarið eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Greinargerð frumvarpsins vísar til skýrslu ESB þar sem fjallað er um áhrif sumartíma. Ein af niðurstöðum skýrslunnar er að með sumartíma er orkunotkun minni. Þetta á við í Mið-Evrópu þar sem algengt er að á kyndingum séu sjálfvirkir tímastillar. Fólk kyndir ekki nema þegar það er á fótum og ails ekki þegar húsnæðið stendur autt. Eins og Íslendingar kynda mætti ekki búast við miklum sparnaði. Ástæðan er einfaldlega sú að meðalúthiti á Íslandi er ekki nægur til að viðhalda hita húsnæðis yfir nótt eða meðan fólk er í vinnu og því er kynt stöðugt.

Skýrslan vísar til þess að betri birtuskilyrði hafi áhrif á möguleika fólks til að stunda útvist og einnig leiddi rannsókn á umferðaröryggi, sem gerð var í Bretlandi, í ljós að á sumartíma er slysatíðni almennt lægri en á vetrartíma og er það fyrst og fremst rakið til aukinnar birtu á kvöldin. Þá kom og í ljós að aukin birta síðdegis hefur jákvæð áhrif á ferðamannþjónustu.

Hvernig ofangreind atriði eiga við Ísland að sumarlagi er illskiljanlegt, öll þau birturök sem færð eru fyrir þessum breytingum eru miðuð við meginland Evrópu og falla dauð og ómerk í Íslenskri miðnætursól. Það dimmir hraðar í Mið-Evrópu auk þess sem munur dags og nætur er meiri. Birtutími á Íslandi er mun lengri yfir sumartímann en í Mið-Evrópu og því myndi sumartími litlu breyta til batnaðar á Íslandi í þessu tilliti.

Það má öllu fremur færa rök fyrir því að sumartími hefði slæm áhrif, t.d. að slysum að morgni myndi fjölga vor og haust. Birtutími á Bretlandi og Íslandi er svipaður á þeim tíma árs, en Bretland er þá einungis 1 klst. frá réttum staðartíma meðan Reykjavík yrði 2,5 klst frá réttum tíma, svo myrkur að morgni yrði meira hér en þar.

Einnig gæti þetta haft slæm áhrif á ferðamennsku á Íslandi. Með tilkomu sumartíma myndi t.d. lágnætti (sól lægst á lofti) færast aftur um 1 klst. svo ferðamenn yrðu því að vera lengur á fótum til að sjá íslensku miðnætursólina.

Greinargerðin segir að fyrirtæki lendi í "vandræðum" á sumrin við að eiga samskipti við Evrópu og segir að "mjög erfitt getur verið fyrir fólk að ná saman í síma". Þessi fullyrðing er engum rökum studd en satt að segja erfitt að trúa því að tímamunur upp á 2 klst. geti verið til mikilla vandræða, til þess er skörun vinnudaga á Íslandi (GMT) og í Mið-Evrópu yfir sumarið (GMT+2) nægjanleg. Þessu til stuðnings má benda á að tímamismunur á milli vestur- og austurstrandar Bandaríkjanna [BNA] er 3 klst. en það virðist ekki hafa háð bandarískum efnahag mikið á undanförunum árum.

Það er athyglisvert að greinargerðin hunsar algjörlega þau íslensku fyrirtæki sem eiga samskipti við BNA. Einn af kostunum við legu Íslands er að við erum mitt á milli N-Ameríku og Evrópu. Með þessum breytingum verður 5-8 tíma munur á Íslandi og BNA yfir sumarið í stað 4-7 tíma. Það þýðir að öll samskipti við austurströnd BNA verða erfiðari yfir sumarið og við vesturströndina nær ómöguleg. Sér í lagi verða símasamskipti til vandræða en jafnvel tölvupóstur sendur að morgni vinnudags á vesturströnd BNA berst eftir lok vinnudags á Íslandi ef sumartími yrði tekinn upp.

Í greinargerðinni er einnig fjallað um flugsamgöngur milli Íslands og

Evrópu. Vísað er til þess að sumartími myndi leiða til þess að morgunflug til Evrópu frá Keflavík yrði 1 kílómetri eins og á vetrum. Þessi fullyrðing stenst ekki nánari skoðun og líkt og áður eru samskipti Íslands og BNA hunsuð.

Mikill hluti viðskipta Flugleiða felst í því að flytja fólk milli BNA og Evrópu. Farið er frá BNA á kvöldin, flogið yfir nóttina og lent á meginlandi Evrópu eins snemma dags og hægt er, til að tími þeirra sem eru að koma frá BNA nýtist sem best. Þó er reynt að koma til móts við Íslendinga með því að koma ekki inn til Keflavíkur um miðja nótt heldur snemma morguns. Auðvelt er að sannreyna að allar vélar sem eru að koma frá BNA lenda í Keflavík milli kl. 6:30-45 hvort sem er sumar eða vetur og halda síðan áfram til meginlands Evrópu eins fljótt og kostur er. Þótt að sumartími yrði tekinn upp á Íslandi myndi það engu breyta þar um.

Ekki er vikið að því í greinargerðinni hvaða kostnaður yrði af því að taka upp sumartíma á Íslandi. Ljóst má þó vera að hann verður töluverður, t.d. þarf að athuga og hugsanlega breyta tölvukerfum fyrirtækja. Öll sérsníðuð tölvukerfi á Íslandi hafa hingað til ekki þurft að taka tillit til sumartíma og ekki víst að þau ráði við þessa breytingu án lagfæringa.

Greinargerðinni lýkur með því að segja að upptaka sumartíma sé mikið hagsmunamál almennings í landinu. Staðreyndirnar tala hinsvegar öðru máli. Upptaka sumartíma er almennungi eingöngu til hinnar mestu óþurftar og fyrirtækjum sem eiga samskipti við BNA til mikilla vandræða; betra væri fyrir þau fyrirtæki að klukkan yrði færð aftur en ekki fram. Gagnsemi fyrir fyrirtæki sem eiga samskipti við Evrópu er í besta falli mjög óljós en að horfa einungis til Evrópu í þessu sambandi er mikil skammsýni.

Ljóst má vera að óbreytt fyrirkomulag, fastur tími árið um kring (GMT), er besta málamiðlunin. Íslendingar lenda þá ekki í þeim hópi minnihluta jarðarbúa sem „hringlar með klukkuna“.

Höfundur er tölvunar- og stærðfræðingur.

© Morgunblaðið.

Til baka ▶

Prentvæn útgáfa